

AUGLÝSING

59

26. apríl

um breyting á gjaldskrá fyrir Rafveitu Flateyrar, nr. 88 6. júlí 1948.

Auk heimildar til hækkunar í IV. kafla gjaldskrárinnar er hreppsnefnd heimilt að hækka gjöld samkvæmt I. kafla um allt að 50%, þar til annað kann að verða ákveðið.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 26. apríl 1951.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

GJALDSKRÁ

60

4. maí

fyrir Rafveitu Akraness.

I. RAFORKUSALA

Rafveita Akraness selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Til lýsingar.

1. Um kwst.mæli á 140 aura hverja kwst.
2. Um kwst.mæli á 80 aura hverja kwst., auk fastagjalds, er nemi 20 aurum á mánuði af hverjum m² gólfflatar í rúmi því, sem lýsa skal. Fyrir geymslur og ganga greiðist þó 10 aurar af hverjum m² á mánuði.
3. Um kwst.mæli á 38 aura hverja kwst., auk fastagjalds, er nemi 45 aurum á mánuði af hverjum m² gólfflatar í rúmi því, sem lýsa skal. Fyrir geymslur og ganga greiðist þó 25 aurar af hverjum m² á mánuði.

B. Til heimilisnotkunar.

Um kwst.mæli á 38 aura hverja kwst. fyrstu notkunar, er nemi 1500 kwst. á ári fyrir hvert eldhús, að viðbættum 150 kwst. á ári fyrir hvert herbergi, sem ætlað er til íbúðar. Notkun umfram þetta greiðist með 25 aurum hver kwst.

Notandi greiði auk þess fastagjald, kr. 5.00 á mánuði fyrir hvert herbergi, sem ætlað er til íbúðar, og eldhús. Herbergi, sem er minna en 5 m², skal reikna sem hálf, en stærra en 25 m² sem tvö.

C. Til véla.

1. Um kwst.mæli á 80 aura hverja kwst. Ársnotkun umfram 300 kwst. á hvert kw. í ástimpluðu rafafli fastra vinnuvéla, greiðist með 38 aurum hver kwst.
2. Um kwst.mæli á 20 aura hverja kwst. til matvælaíðnaðar, ef uppsett rafvélaafl fastra véla er yfir 40 kw., enda sé árlegur nýtingartími eigi minni en 1200 kwst.